

Áfangalýsing.

Heiti áfanga: **NORS2AA05**

Staða áfanga: NORS2AA05 er fyrsti áfangi í norsku á menntaskólastigi, en ekki byrjendaáfangi, samkvæmt. Áfanginn er undanfari NORS2BB05. Norska er kennslumálið í öllum áföngunum.

Nauðsynleg undirstaða nemenda er norskunám í grunnskóla eða sambærilegt nám og felst í að:

- skilja vel allt almennt tal á norsku,
- geta lesið og skilið almenna norska texta,
- geta tjáð sig munnlega á norsku um flest almenn málefni,
- geta tjáð sig skriflega um flest almenn málefni á nokkurn veginn réttu máli.

Stutt lýsing á áfanganum: Nemendur eru þjálfaðir í færniþáttunum fjórum: tali, hlustun, lestri og ritun. Rifjuð eru upp helstu undirstöðuatriði málfræði og réttritunar. Fjölbreyttir nytjatextar eru lesnir og greindir; bókmenntir, sérstaklega smásögur eru lesnar með áherslu á rökvísa greiningu í tali og ritun. Lögð er áhersla á aukinn orðaforða, sérstaklega hugtök sem notuð eru við greiningu texta. Nemendur eru hvattir til að nota orðabækur (t.d. www.ordbokene.no) og til að tjá sig munnlega og skriflega. Skrifleg verkefni eru iðulega unnin í tímum. Heimalestur til undirbúnings er afar mikilvægur.

Nokkur lykilmarkmið áfangans: Að nemendur geti:

- notað orðabækur sér til gagns,
- notað norsku sem vinnumál í kennslustundum,
- tekið þátt í samræðum um og tjáð sig með viðeigandi orðalagi,
- notað orðaforða/hugtök sem unnið hefur verið með í námsefninu, í nýju samhengi,
- greint bókmenntir og nytjatexta með grunnaðferðum.

Námsmat: Í kjarnaáföngunum NORS2AA05 og NORS2BB05 byggist námsmatið á vinnuframlagi nemenda á önninni: virkri þátttöku í tímum, skriflegum verkefnum, hlutaprófum og lokaprófi.

Målet med norskundervisning i videregående skole er å:

- forbedre elevenes språklige kompetanse ved a øke deres ordforråd gjennom diverse øvinger og lesning af ulike teksttyper,
- øve grammatisk struktur,
- utvide deres evne til å uttrykke seg både muntlig og skriftlig,
- gi elevene nærmere innsikt i norsk litteratur og det norske språkets utvikling i det norske samfunnet i dag, og i landets historie,
- vedlikeholde og bygge ut elevenes språkkunnskaper for å klare seg i nordiske samfunn og gi dem anledning til å oppleve, bli engasjert, undre seg og få innsikt i andre menneskers tanker og livsbetingelser.